

## Starfshópur um stíga í upplandi Hafnarfjarðar

Fundur 14. - 2012340

Fundurinn var haldinn á Teams, þriðjudaginn 8. mars 2022 kl. 9:00.

### Mættir:

Helga Ingólfssdóttir, formaður

Stefán Már Gunnlaugsson

Jón Atli Magnússon

### Frá umhverfis- og skipulagssviði

Helga Stefánsdóttir

Berglind Guðmundsdóttir

### Forföll:

Anna Karen Svövdóttir

Sigurður Pétur Sigmundsson

### Gestur

### Fundarefni:

Lagðar fram umsagnir Skógræktarfélag Hafnarfjarðar:

Sæl

Ég var búin að senda öll gögn á stjórn félagsins. Það komu engar athugasemdir. Það var bara þetta með aðgengi viðbragðsaðila og aðgengi okkar til að sinna skógarumhirðu, að hún yrði tryggð.

Annars leyst stjórninni vel á þessar tillögur.

Með góðri kveðju,

Skógræktarfélag Hafnarfjarðar

Steinar Björgvinsson, framkvæmdastjóri

og Hestamannafélagsins Sörla:

Hafnarfjörður 7. mars 2022

**UMSÖGN HESTAMANNAFÉLAGSINS SÖRLA  
UM TILLÖGUR AÐ BREYTINGUM Á STÍGUM Í GRÁHELLUHRAUNI**


Stjórn hestamannafélagsins Sörla í Hafnarfirði hefur fjallað um fyrirbyggjandi tillögur starfshóps Hafnafjarðarbæjar, um breytingar á göngu- og reiðleiðum í Gráhelluhrauni. Stjórn fékk kynningu á tillögnum frá starfshópnum sem var afar vel heppnuð. Tillögurnar voru settar á vef félagsins og óskað eftir athugasemdum. Einnig var boðað til fundar þar sem kynna átti tillögurnar hjá félaginu.

Í stuttu máli þakkar félagið fyrir mjög góða vinnu við undirbúning þessara breytinga. Þer að þakka starfshópnum fyrir vel unnin störf. Ekki komu fram neinar athugasemdir við tillögurnar frá félagsmönnum og er það mat stjórnarinnar að félagsmenn séu mjög ánægðir með væntalegar breytingar. Stjórn félagsins gerir mjög óverluelgar athugasemdir við tillöguna. Þær eru eftirfarandi.

- Óskað er eftir því að við breytingu á skipulagi verði gert ráð fyrir því að við enda skeiðbrautar í norður verði gerð lág mön aðeins inn á núvernadi svæði utan við afmarkað keppnissvæði. Mönin verði til að hægt sé að beina þangað hestum ef þeir "fælast" eftir kappreiðar, þannig að knapar þurfi ekki að beina hestum á reiðveginn og geti nýtt mönina til að stoppa sig. Hægt væri að gróðursetja í norður helming manarinnar, en að hún myndi einskonar litla skeifu.
- Passa þarf uppá að göngustígur sé í hæfilegri fjarlægð frá reiðvegi, þar sem áformað er að gera göngustíg í hrauninu.
- Passa þarf uppá að brýr yfir reiðvegi séu það háar að hægt sé að koma traktor undir þær til að þjónusta veginn.

Í heildina er stjórn félagsins afar ánægð með tillögurnar og vonumst við til að þær geti komist til framkvæmda sem fyrst.

f.h. stjórnar Sörla



Atli Már Ingólfsson, formaður

Hópurinn þakkar fyrir innsendar umsagnir.

Tillögur að nýrri legu stíga í og við Gráhelluhraun (tillaga dags. 8. febrúar) ásamt umsögnum er vísað til afgreiðslu í Umhverfis- og framkvæmdaráði og Skipulags- og byggingarráði. Í framhaldi þarf að gera breytingar á skipulagi fyrir Sörlasvæðið og gera nýtt deiliskipulag fyrir Gráhelluhraun.



**HAFNARFJÖRÐUR**

Merkingar teknar til umræðu en miðað er við að nýta kerfi Vegrúnar. Lagt er til að hefja vinnu við að hanna merkingar við Hvaleyrarvatn og Helgafell með það í huga að setja merkingar upp í sumar. Eins þarf að klára að stika stíga í upplandinu.

Næsti fundur verður þriðjudag 5. apríl kl 9:00.

Rit /HS